

Fyrsti fundur Hverfisráðs Raufarhafnar haldin 8.11.2023 kl 17:00

Mætt voru Margrét Rögnvaldsdóttir, Reynir Þorsteinason og Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir auk Nönnu Steinu Höskuldsdóttir sem ritaði fundargerð.

Farið var yfir praktísk mál ráðsins samþykktir skoðaðar og ýmis mál rædd, nefndarmenn eru spenntir fyrir komandi kjörtímabili og hlakka til að takast á við verkefni Raufarhöfn og nærumhverfi til heilla. Hverfisráð vonast eftir góðum samskiptum Norðurþing og ítrekar fyrri bókanir hverfisráðs Raufarhafnar þar sem vonast er eftir miklum og góðum samskiptum vegna mála sem viðkoma starfssvæði þessa hverfisráðs. Hverfisráð er samála um að 4-6 fundir á ári sé sennilega of lítið og vonast til að fundartíðni verði aukin í nýjum samþykktum ráðanna.

1. Sala fasteigna á Raufarhöfn.

Hverfisráð Raufarhafnar lýsir vonbrigðum og furðu sinni á því að Lindarholt 6 hafi verið selt. Við þessa sölu er aðeins eitt íbúðahús eftir eigu Norðurþings og það er í útleigu. Það þarf að vera til húsnæði sem eyrnamerkt er grunnskólanum og óskar ráðið eftir því að það verði tekið sérstaklega fyrir að Lindarholt 10 verði eftirleiðis eyrnamerkt skólanum og starfmönnum þess. Í þessu samhengi leggur hverfisráð mikinn þunga í nauðsyn þess að framtíðarsýn varðandi skólann sé mótuð og að horft verði til þess að fasteign sem hugsuð sé eingöngu fyrir skólastjóra eða aðra starfsmenn skólans verði aðgengileg hverju sinni. Skólinn er hjarta þorpsins, það starfsmanna ástand sem verið hefur undafarin ár þarf að leysast og það gerist ekki nema að húsnæði sé til staðar þegar rétta starfsfólkið sækir um.

Ekki hefur komið fram opinberlega kaupverð Lindarholts 6 og kallar hverfisráð eftir þeim upplýsingum. Aðilar ráðsins hafa upplýsingar um að kaupverðið sé talsvert undir markaðsverði á Raufarhöfn sem hefur verið að fara uppávið síðustu ár og salan því ekki í takt við það sem er að gerast á Raufarhöfn síðustu misseri. Norðurþing er því að rýra verðgildi fasteigna á staðnum með þessari sölu. Ekki var haft samband við hverfisráð vegna sölunnar áður en ákvörðun var tekin.

2. Húsnæðisáætlun Norðurþings .

Hverfisráð bókaði á fundi sínum í nóvember 2023 gagnrýni húsnæðisáætlunar þar sem að mati ráðsins hallar byggð utan Húsavíkur. Byggðaráð svaraði erindinu eftirfarandi á 416. Fundi sínum:

Húsnæðisáætlun var endurskoðuð í samvinnu við HMS. Eins og áætlunin liggur fyrir er byggt á upplýsingum frá skipulags- og byggingarfulltrúa um þau skipulög sem eru þegar samþykkt eða eru í vinnslu og fyrirséð. Einnig á gögnum frá félagsmálastjóra hvað varðar umsóknir og þörf í þeim málaflokki sem undir hann heyrir.

Byggðarráð tekur vel í ofangreindar ábendingar og lýsir yfir vilja sínum til að breyta vinnulagi við endurskoðun húsnæðisáætlunar í takt við það sem gert er í sambærilegum fjölkjarna samfélögum. Stefnt er á að það verklag verði viðhaft við næstu endurskoðun haustið 2023.

Ekkert samtal hefur átt sér stað á árinu en lýsir nýtt hverfisráð sig tilbúið til skrafs og ráðagerða við endurskoðun. Ráðið hvetur samhliða til þess að lóðir fyrir fjölbýlishús og iðnaðarhús verði komið inná skipulag sem allra fyrst líkt og hverfisráð hefur óskað eftir áður. Uppbygging mun ekki eiga sér stað á Raufarhöfn ef lóðir eru ekki til staðar.

3. **Ferðamál á svæðinu.**

Nýtt hverfisráð hefur sérstakan áhuga á eflingu ferðamannaíðnaðar á Raufarhöfn og telur tækifærin allt um liggjandi. Í því samhengi er áhugavert að skoða upplýsingarskort á svæðinu í heild (Heimskautsgerðið tekið út fyrir sviga) þ.e upplýsingar um gönguleiðir eru ekki til staðar og margt fleira. Texta um svæðið þarf að uppfæra t.d á vef Norðurþings.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:25

Undirritunarsíða

Fundargerð Hverfisráðs
Reynir Þorsteinsson

Fundargerð Hverfisráðs
Margrét Rögnvaldsdóttir

Fundargerð Hverfisráðs
Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir